

Miðvikudaginn 13. október 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.17:00

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Jón Egill Jóhannsson og Ragnheiður Pálsdóttir. Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Sindri Geir Sigurðarson boða forföll.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

1. Breyting á stjórn – kosning ritara

Sigrún Margrét Halldórsdóttir hefur látið af stjórnarstörfum vegna flutnings, Jón Egill Jóhannsson kemur inn sem aðalmaður í hennar stað. Lagt til að Jón Egill taki stöðu ritara í stjórn.

Samþykkt.

2. Umsókn um stofnframlag

Rætt er hvort Bakkahvammur hses. eigi að sækja um stofnframlag til frekari uppbyggingar á vegum stofnunarinnar. Kristján Sturluson fer yfir verkferla og breytingar sem hafa orðið á kerfinu frá síðustu uppbyggingu. Ef sækja á um stofnframlag þarf að skila inn umsókn fyrir 24. október.

Stjórn Bakkahvamms hses. samþykkir að sækja um stofnframlag fyrir þrjár 3 herbergja íbúðir. Formanni falið að ganga frá umsókn til Dalabyggðar.

Samþykkt.

3. Önnur mál

Rætt um frágang íbúða, úttekt Hrafnshóls sem átti að fara fram í sumar og frágang á bílastæðum. Ganga á frá bílastæðum fyrir veturinn með því að bera í þau og jafna en hellulögn fer ekki fram fyrr en mögulega næsta sumar. Skúli óskar eftir samþykki stjórnar fyrir því að hann hafi samband við Hrafnshól.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið 17:22